

Bæjarskrifstofur Hornafjarðar

Númer: 201801024	Mótt: 5.6.18
Skjalag: 00.0	Dags: 5.6.18
Hornafjörður 5. Júní 2018	
Afgf: Eignir	

Fyrirspurn til bæjarstjórnar

Fasteignagjöld.

Í stefnuskrá Framsóknarflokksins og stuðningsmanna hans er sett fram loforð um að lækka fasteignaskatt. Á íbúafundi í Nýheimum þann 22. maí í aðdraganda að sveitarstjórnarkosninga sagði bæjarfulltrúi B-lista að búið væri að reikna út áhrif þessa hugmyndar

1. Í dag er álagning í A-hluta 0,50 % af fasteignamatstofni. Hver á lækkunin að vera frá því sem hún er í dag?
2. Hver er þá áætluð lækkunin á meðalstóra fasteign í krónum talið?
 - a. Um 75 fermetra eign í fjölbýlishúsi
 - b. Um 124 fermetra einbýlishús
 - c. Um 180 fermetra einbýlishús
3. Hver er heildarlækkun á fasteignaskatt í sveitarfélaginu?
4. Hver reiknaði út áhrif þessara lækkunar á sveitarsjóð?
5. Hver eru áhrifin á sveitarsjóð og framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga?

Afstaða til málalíbúnað Ice Lagoon ehf á hendur Sveitarfélagi Hornafjarðar.

Á íbúafundi í Hrollaugsstöðum 23. maí s.l. kom fram í orðum bæjarfulltrúa framsóknarflokksins og stuðningsmanna hans að vilji væri til að gera allt til að semja um málið svo ekki þyrfti að leita eftir úrskurði dómstóla. Hér er óneytanlega um stóra yfirlýsingu að ræða, eins og flestum er kunnugt um er hér krafa um viðurkenningu á bótaskyldu að ræða. Stefnandi hefur haft uppi að fjárhæðir sem um ræðir séu á bilinu 223 til 273 milljónir samkvæmt mati Ernst & Young ehf. Bótakrafan nær til árunna 2010 til 2017 vegna aðgerða sveitarfélagsins á þeim tíma.

1. Ætla bæjarfulltrúar Framsóknarflokksins og stuðningsmanna hans að semja við Ice Lagoon ehf án úrskurðar dómstóla um réttmæti kröfunnar?
2. Ef svo er hvaða upplýsingar hafa bæjarfulltrúar Framsóknarflokksins og stuðningsmanna þeirra sem tvær síðustu bæjarstjórnir hafa ekki haft í þessu máli og gerir það að verkum að viðurkenna eigi bótaskyldur án úrskurðar dómstóla um réttmæti kröfunnar.

Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Björn Ingi Jónsson

Björn Ingi Jónsson